

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 295/2022**

**frá 9. desember 2022**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2238 frá 22. ágúst 2022 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2021/2306 að því er varðar umbreytingarákvæði vegna skoðunarovottorða og útdráttá úr þeim og að því er varðar umbreytingarákvæði vegna skoðunarovottorða sem eru gefin út í Úkraínu <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi er bætt við lið 54bb (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2306) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32022 R 2238**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2238 frá 22. ágúst 2022 (Stjtið. ESB L 294, 15.11.2022, bls. 3).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2238, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 294, 15.11.2022, bls. 3.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. desember 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. desember 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Kristján Andri Stefánsson***

*formaður*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.